

Fimmtudaginn 1. október 1981.

Nr. 156/1978. **Sigurður Jóakimsson**

(Brynjólfur Kjartansson hrl.)

gegn

fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs

(Sigurður Ólason hrl.).

Skaðabótamál. Lögreglumenn. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason og Sigur-geir Jónsson og Arnljótur Björnsson prófessor.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 21. september 1978. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða sér 144.990.00 krónur með 13% ársvöxtum frá 15. september 1976 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 15. s. m., 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s. á., en með 37% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms í máli þessu, en síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, til greiðsludags. Hann krefst og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en áfrýjandi fékk gjafsókn fyrir Hæstarétti hinn 27. október 1978.

Stefndi gerir þær dómkröfur aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti, en til vara, að kröfur áfrýjanda verði lækkaðar og málskostnaður látinn niður falla.

Áfrýjandi hefur stefnt fyrir Hæstarétt til réttargæslu dómsmálaráðherra, utanríkisráðherra, lögreglustjóranum í

Reykjavík og lögreglustjóranum á Keflavíkurflugvelli, en engar kröfur gert á hendur þeim.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn, þeirra á meðal nýr útreikningur dr. Péturs H. Blöndal á örorkutjóni áfrýjanda svo og gögn frá Tryggingastofnun ríkisins um greiðslur örorkubóta til áfrýjanda.

Af hálfu áfrýjanda eru kröfur ekki á því reistar, að meiðsl hans hafi hlotist af vangæslu neinna þeirra manna, er stefndi beri ábyrgð á, og fyrir Hæstarétti er því ekki haldið fram, að vanrækt hafi verið að tilkynna Öryggiseftirliti ríkisins um slysið, þannig að máli skipti um fébótaábyrgð stefnda.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Allur gjafsóknarkostnaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hans, 6.500.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda, Sigurðar Jóakimssonar, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hans, Brynjólfs Kjartanssonar hæstaréttarlögmanns, 6.500.00 krónur.

S é r a t k v æ ð i

**hæstaréttardómaranna Benedikts Sigurjónssonar
og Sigurgeirs Jónssonar.**

Áfrýjandi hafði verið ráðinn til starfa sem lögreglumaður og tók laun sem slíkur. Giltu því ákvæði laga nr. 56/1972 um réttarstöðu hans, þar á meðal ákvæði 2. mgr. 5. gr. þeirra laga. Samkvæmt ákvæðum 9. gr. fyrrgreindra laga skal að jafnaði eigi skipa aðra lögreglumenn en þá, sem staðist hafa próf frá lögregluskóla. Um veitingu lögreglustarfs, lögreglu-

skóla o. fl. fjallar reglugerð nr. 254/1965. Samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar skulu lögreglumenn, sem ráðnir eru til reynslu, sækja námskeið m. a. í sundi, leikfimi, sjálfsvörn og meðferð lögreglutækja. Að loknu þessu námskeiði hefst starfsnám þeirra í lögregluliði og að endingu framhaldsnámskeið.

Þegar slys það varð, sem hér er um fjallað, tók áfrýjandi þátt í leikfimiæfingum undir stjórn lögregluyfirmanns, og var þetta þáttur í námi hans sem lögreglumanns. Við það verður að miða, að meiðsl þau, er áfrýjandi hlaut, hafi orðið fyrir óhappatilviljun, en námið, þar með taldar leikfimiæfingar þær, sem hér um ræðir, var hluti af lögreglumannstarfi hans. Eiga því reglur 2. mgr. 5. gr. laga nr. 56/1972 við um bætur vegna tjóns þess, sem hann af þessu beið. Ákvæði þetta verður að skýra þannig, að með því hafi ríkissjóður tekið á sig hlutlæga ábyrgð á tjónum lögreglumanna, sem þeir verða fyrir vegna starfs síns. Samkvæmt þessu teljum við, að áfrýjandi eigi bótarétt á hendur stefnda vegna tjóns af þessum sökum.

Þar sem meiri hluti dómenda Hæstaréttar hefur komist að þeirri niðurstöðu, að sýkna beri í máli þessu, er ekki ástæða til að við tjáum okkur um efni bótaréttar áfrýjanda eða málskostnað.

Við erum sammála meiri hluta dómenda um gjafsóknarkostnað.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. júní 1978.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 22. maí sl., höfðaði Ingvar Björnsson héraðsdómslögmaður, Strandgötu 11, Hafnarfirði, f. h. Sigurðar Jóakimssonar lögreglumanns, Krosseyrarvegi 5 B, Hafnarfirði, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 7. og 8. mars 1977, á hendur Matthíasi Á. Mathiesen fjármálaráðherra, Hringbraut 59, Hafnarfirði, f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta að upphæð kr. 14.535.229 með 14% ársvöxtum frá 15. sept. 1976 til 20. nóv. 1976, en 2.5% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ. Einnig

er stefnt til réttargæslu þeim Ólafi Jóhannessyni dómsmálaráðherra, Aragötu 13, Reykjavík, Einari Ágústssyni utanríkisráðherra, Hlyngerði 9, Reykjavík, Þorgeiri Þorsteinssyni lögreglustjóra, Grænási 2, Keflavíkurflugvelli, og Sigurjóni Sigurðssyni lögreglustjóra, Ægisíðu 58, Reykjavík. Á hendur réttargæslustefndu eru engar dómkröfur gerðar.

Við munnlegan málflutning breytti stefnandi vaxtakröfu sinni á þann veg að krefjast 14% ársvaxta frá 15. sept. 1976 til 1. ágúst 1977, en 16% ársvaxta frá þeim degi til 22. febrúar 1978, en hæstu innlánsvaxta, nú 19% ársvaxta, frá þeim degi til greiðsludags, að öðru leyti voru dómkröfur óbreyttar frá því, sem greinir í stefnu.

Stefndi fjármálaráðherra krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda. Allir stefndu krefjast málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati réttarins. Til vara er þess krafist, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður látinn falla niður.

II.

Málavextir.

Hinn 30. október 1975 varð stefnandi, sem fæddur er 19. mars 1947, fyrir slysi á æfingu í lögregluskólanum. Því er haldið fram af hálfu stefnanda, að Stefán Gíslason lögreglumaður hafi rekið höndina í auga stefnanda, en þá er óhapp þetta varð, voru þeir við handboltaæfingar í lögregluskólanum.

Við slys þetta eyðilagðist hægri auga stefnanda, og varð að fjarlægja það 20. janúar 1976. Síðan fékk stefnandi gerfílauga. Sjón á vinstra auga er eðlileg og það auga heilbriggt.

Hinn 5. apríl 1976 mat Björn Önundarson tryggingayfirlæknir örorku stefnanda. Í örorkumatinu segir m. a. svo:

„Samkvæmt tilkynningu um slys mun slys þetta hafa skeð með þeim hætti, að er slasaði var á æfingu í lögregluskóla, rakst slasaði á annan mann, hlaut við það höfuðhögg og blæddi inná hægri auga. Slasaði var þegar eftir slys þetta fluttur í augndeild Landakotsspítala í Reykjavík, þar sem hann vistaðist frá slysdegi 30.10. til h. 17.11. '75. Öðru sinni var Sigurður Jóakimsson vistaður á augndeild Landakotsspítalans frá 17.1. til 29.1. '76, en þá mun hægri auga hafa verið fjarlægt.

Fyrir liggur vottorð undirritað af Herði Þorleifssyni, augnlækni í Reykjavík, og dags. 10.2. '76, en þar kemur fram sjúkdómsgreiningin: Marið hægri auga, hvíta rifin og augasteinn úr

skorðum, augað fullt af blóði. Þá segir og í vottorði Harðar Þorleifssonar, augnlæknis, svo orðrétt:

„Við slysið eyðilagðist hægra auga gjörsamlega og engin ljósskynjun á því. Vegna sífelldrar ertingar, sem ekki vildi lagast þrátt fyrir meðferð, var ákveðið að fjarlægja augað, og var það gert 20. janúar. Er nú með gerviauga. Sjón á vinstra auga er eðlileg og það auga algjörlega heilbriggt.“

Slasaði kom til viðtals og skoðunar hjá undirrituðum h. 31.3. '76. Honum segist frá atburðum og afleiðingum slyssins líkt og að framan er frá greint. Slasaði tekur fram, að hönd hafi rekist í hægra auga sér og við það hafi blætt mikið inn í augað, en síðar varð, eins og áður segir, að fjarlægja augað af þeim sökum.

Ályktun: Það er um að ræða rúml. 29 ára gamlan lögregluþjón, sem h. 30.10. '75 slasaðist, er hann var á æfingu í lögregluskóla, með þeim hætti, að hönd rakst í hægra auga hans. Við slys þetta marðist hægra auga illa, hvíta rifnaði og augasteinn var færður úr skorðum, og blæddi mikið inn í augað. Hinn 20.1. '76 var augað síðan fjarlægt, þar sem engin ljósskynjun var á því. Alveg óvinnufær var slasaði talinn hafa verið frá slysdegi 30.10. '75 til 9.2. '76 og hlýtur slysadagpeningagreiðslur frá slysa-tryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins fyrir það tímabil.

Þar sem ekki þykir nú líklegt, að um frekari bata af afleiðingum þessa slyss verði að ræða, þykir nú eðlilegt að meta þá tímabundnu og varanlegu örorku, sem slasaði telst hafa hlotið af völdum þessa slyss, og þykir hún hæfilega metin sem hér segir:

Frá slysdegi 30.10. '75 í 3 mán. 100%

Varanlega

20%.“

Dr. Pétur H. Blöndal tryggingastærðfræðingur hefur reiknað út örorkutjón stefnanda. Í bréfi tryggingastærðfræðingsins, dags. 15. sept. 1976, segir m. a. svo:

„Sigurður starfaði sem lögregluþjónn, þegar slysið varð. Auk þess starfaði hann við byggingarvinnu. Slysið hafði ekki áhrif á tekjur hans sem lögregluþjóns, þar sem hann fékk greidd laun áfram, en hann hefur ekki getað sinnt aukastörfum sem áður.

Tekjur Sigurðar skv. skattframtölum, TS, og árslaun lögregluþjóna í dagvinnu skv. 16. lfl. B.S.R.B., ÁL, voru sem hér segir:

ár	TS	ÁL	YH
1973	643.906	449.763	43,2%
1974	1.151.680	605.996	90,0%
1975	1.662.609	751.613	121,2%

Hér er YH yfirvinnuhlutfall Sigurðar, þ. e. hve mörg prósent TS eru hærri en ÁL.

Samkvæmt þessu voru tekjur Sigurðar að meðaltali 84,8% hærri en dagvinnutekjur lögregluþjóna. Í eftirfarandi útreikningi er gert ráð fyrir, að tekjutap Sigurðar hafi numið ofangreindum aukatekjum tímabilið 30.10. 1975 til 29.1. 1976, þar sem hann hélt tekjum sínum sem lögregluþjónn áfram. Eftir þann tíma er gert ráð fyrir, að tekjutap hans sé 20% af ofangreindum heildartekjum, þ. e. dagvinnutekjum lögregluþjóns auk 84,8%. Tekjutap hans hefur því verið og kemur væntanlega til með að vera:

30.10.1975—29.11.1975	kr. 57388 á mán.
30.11.1975—29.1.1976	— 57732 á mán.
30.1.1976 —29.2.1976	— 25162 á mán.
1.3.1976 —30.6.1976	— 26672 á mán.
frá 1.7.1976	— 29027 á mán.

Í kjarasamningum eru ákvæði um frekari hækkunir launa í náinni framtíð, en þar sem þau ákvæði eru háð hækkun vísitölu (rauð strik), er ekki unnt að meta þær hækkunir fyrirfram. En þessar hækkunir munu hækka tjón Sigurðar um nánast sömu prósentu.

Vextir. Í eftirfarandi útreikningum reikna ég væntanlegt tjón vegna varanlegrar örorku með 0% og 4% raunávöxtun. Rökstuðningurinn fyrir þessu er eftirfarandi: Tekjutjón, sem að Sigurður verður líklega fyrir eftir, segjum 10 ár, verður 20% af þeim tekjum, sem hann hefði haft þá, ef hann hefði ekki lent í slysinu. Þetta tjón, margfaldað með líkunum á því, að Sigurður sé þá á lífi og vinnufær, er tekjutap Sigurðar umrætt ár. Til þess að mæta þessu tekjutapi Sigurðar eftir 10 ár er honum greidd upphæð núna, sem með bestu mögulegri ávöxtun gefur honum umrætt tekjutap eftir 10 ár. Nú sýnir reynsla undanfarinna ára, að laun hafa hækkað á móta og vísitala byggingarkostnaðar. (Síðustu 25 árin hefur vísitala byggingarkostnaðar hækkað um 14,4% og dagvinnukaup hafnarverkamanna um 14,5% að meðaltali á ári). Besta mögulega ávöxtun í dag hér á landi eru vafalítið spariskírteini ríkissjóðs, sem eru verðtryggð með vísitölu byggingarkostnaðar auk 4% vaxta. Hæstu innlánsvextir eru aftur á móti stórlega neikvæðir ($\div 15\%$ síðasta ár) miðað við hækkun launa. Sé gert ráð fyrir, að spariskírteini fáið í framtíðinni og að lánskjör þeirra verði ekki skert, er eðlilegt að miða útreikning örorkutjóns við 4% raunávöxtun. En báðar þessar

forsendur eru mjög óvissar, sérstaklega sú síðari. Þessvegna ættu menn einnig að taka 0% ávöxtun með í dæmið, því að hér er um mjög langt tímabil að ræða. (38 ár).

Tekjutjón vegna liðinnar örorku hef ég reiknað til dagsins í dag (15.9.1976) með venjulegum innlánsvöxtum (13%) og eins þær greiðslur, sem inntar hafa verið af hendi, en þær eru kr. 678.038 frá Tryggingastofnun ríkisins þann 23.4.1976 og kr. 750.000 frá ríkissjóði þann 1.6.1976.

Vextir og útreikningar örorkutjóns miðast við 15.9.1976, en þá er Sigurður 29,49 ára.

Tekjutjón vegna varanlegrar örorku reiknast frá 15.9.1976 til 67 ára aldurs Sigurðar. Grundvöllur þeirra útreikninga er eftirlifendatafla íslenskra karla skv. dánarreynslu árána 1966/70 og sænsk reynsla af hlutfalli öryrkja og lifandi. Væntanlegt framlag atvinnurekanda til lífeyrissjóðs er reiknað sér. Ekki er tekið tillit til greiðslna opinberra gjalda af væntanlegum tekjum, en gera má ráð fyrir, að neðangreindar upphæðir lækki um 35% til 50% af þessum sökum.

Tímabundin örorka með 13% vöxtum veldur tekju-

tjóni	kr.	402.000
-------------	-----	---------

Tekjutjón vegna varanlegrar örorku (0%) er	kr.	11.320.000
---	-----	------------

vænt. framlag atv.rek. til lífeyrissjóðs (0%) er ..	kr.	368.000
---	-----	---------

Tekjutjón vegna varanlegrar örorku (4%) er	kr.	6.220.000
---	-----	-----------

vænt. framlag atv.rek. til lífeyrissjóðs (4%) er ..	kr.	202.000
---	-----	---------

Bætur með 13% vöxtum	kr.	-1.491.000
----------------------------	-----	------------

Samtals nemur tekjutjón Sigurðar því kr. 10.599.000, ef miðað er við 0% raunávöxtun, og kr. 5.333.000, ef miðað er við 4% raunávöxtun. (Hvorttveggja án tillits til greiðslu opinberra gjalda)“.

Í bréfi, dags 13. apríl 1978, er endurútreikningur tryggingastærðfræðingsins á örorkutjóni stefnanda, þar segir svo:

„Samkvæmt beiðni Ingvars Björnssonar, hdl., hef ég endurmetið útreikninga mína á örorkutjóni Sigurðar Jóakimssonar frá 15.9.1976 með tilliti til lækunar launa og hærri aldurs Sigurðar núna.

Tekjutjón Sigurðar með vöxtum miðað við 12.4.1978, en þá var hann 31,06 ára, met ég vera eftirfarandi:

Líðin örorka 30.10.1975—12.4.1978 með innláns-
vöxtum kr. 1.349.000.-
Væntanleg örorka frá 13.4.1978 miðað við 0%
raunvexti kr. 20.924.000.-
Væntanlegt framlag atvinnurekanda í lífeyrissjóð kr. 679.000.-
Greiddar bætur með innlánsvöxtum kr. 1.838.145.-

Innlánsvextir hafa verið 13% frá 30.10.1975 til 21.11.1977, 16% frá 21.11.1977 til 21.2.1978 og 19% úr því. Varðandi raunvexti, sem notaðir eru í mati á væntanlegu tekjutjóni, vísa ég í fyrrnefndan útreikning minn frá 15.9.1976. Aðrar forsendur en laun og aldur eru óbreyttar.

Um örorkubætur úr lífeyrissjóði er ekki að ræða, þar sem Sigurður lét ekki af starfi sínu hjá ríkinu og hlýtur því ekki bætur úr Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, en þar er hann tryggður.

Samkvæmt beiðni hef ég reiknað væntanlega örorku Sigurðar miðað við ýmsar forsendur um vexti. Vil ég í því sambandi benda á þann hluta útreiknings míns frá 15.9.1976, sem fjallar um vexti. Tekjutjónið er núna kr. 55.416 á mánuði, eða kr. 664.992 á ári miðað við ofangreindar forsendur. Niðurstaða þessara útreikninga er:

	Væntanlegt		Væntanlegt
Vextir	tekjutjón kr.	Vextir	tekjutjón
-5%	55.100.000	9%	7.284.000
2%	15.471.000	13%	5.498.000
4%	11.943.000	19%	4.059.000
7%	8.677.000	32%	2.709.000

Svo sem að ofan greinir, eru innlánsvextir núna 19% og eru líklegir til þess að hækka. Vextir á vaxtaviðaukareikningum eru í augnablikinu 32%, en auðvitað er fráleitt að nota þessa vexti í mati á væntanlegri örorku.“

Þá er stefnandi var yfirheyrður hér fyrir dómi vegna máls þessa, kvaðst hann hafa hafið störf sem lögreglumaður 1. desember 1973. Hann hafi lokið námi í lögregluskólanum vorið 1977. Þegar slysið, sem málið er af risið, varð, hafi stefnandi verið að leika handbolta. Þetta hafi yfirleitt verið gert í upphafi leikfimitíma, svona hálfgerð upphitun fyrir leikfimi. Mönnum hafi verið það frjálst, hvort þeir tóku þátt í þessu. Skylda hafi verið að iðka leikfimi. Þeir, sem ekki tóku þátt í handknattleiknum,

biðu og horfðu á. Handboltaleikurinn í þetta sinn hafi ekki verið óvenjuharður, hann hafi verið undir stjórn manns, sem hafi umsjón með leikfimi, sem fari fram á vegum skólans. Nafn mannsins sé Guðbrandur. Stefnandi hafi verið með boltann og verið að hlaupa fram hjá einum manninum, og skildist stefnanda, að hann hafi ætlað að reyna að slá boltann úr hendi stefnanda, þar sem hann hélt á boltanum, en ekki hafi tekist betur til en svo, að það hafi farið í augað. Stefnandi kvaðst halda, að iðkun handbolta sé ekki skyldugrein í lögregluskólanum eins og önnur íþróttaiðkun, sem þar fer fram.

Stefnandi kvaðst ekki vilja segja, að töf hefði orðið á því að koma sér undir læknishendur. Eftir slysið hafi stefnandi verið lagður til þarna inni í salnum og beðið þar í tvo tíma. Umsjónarmaður bekkjarins hafi farið með stefnanda upp á slyssavarðstofu og eftir rannsókn þar hafi verið farið með stefnanda á Landakotsspítalann. Þetta hafi ekki verið sársaukalaust.

Stefnandi hafi stundum fengið bólgur vegna gerfíaugans og eins fengið lyf við þessu. Yfirleitt sé venjan að þvo þetta upp.

Eftir slysið hafi stefnandi tekið þátt í seinna námskeiði í lögregluskólanum og þá mætt í leikfimiæfingum, en ekki tekið þátt í neinu nema leikfimi.

Stefnandi hafi haldið fullum launum þann tíma, sem hann var frá vinnu vegna slyssins.

Guðbrandur Ágúst Þorkelsson lögregluvarðstjóri var yfirheyrður fyrir dómi vegna máls þessa.

Fram kom hjá Guðbrandi, að hann hefði verið aðstoðarmaður í lögregluskólanum síðan 1966 eða 1967, aðallega við lögregluæfingar, sundþjálfun og leikfimikennslu að vissu marki. Guðbrandur kvaðst hafa verið í salnum, þegar slysið varð, og hafa séð það útundan sér, að þeir hlupu saman Stefán Líndal Gíslason og stefnandi. Guðbrand minnti, að stefnandi hafi ætlað að skjóta á mark, en hinn hafi borið svona hönd á móti. Leikurinn hafi verið frekar daufur. Það hafi ekki verið nein harka í þessu, og kvaðst Guðbrandur ekkert hafa þurft að skipta sér af leiknum, eins og stundum gæti orðið. Guðbrandur kvaðst hafa stjórnað þessum leik og hafi hann gefið leyfi og sagt þeim að skipta liði og leika handbolta í 10 mínútur.

Í lögregluskólanum sé skylda að leggja stund á vissar æfingar og tekið próf í því eins og öðru námsefni. Handbolti sé iðkaður til þess að liðka menn og svo til skemmtunar. Ekki hafi verið skylda að taka þátt í handboltaæfingum, en það sé mikill áhugi

á handbolta. Það komi eiginlega aldrei fyrir, að menn bíði, á meðan handboltinn er iðkaður, en það væri látið óátalið.

III.

Rökstuðningur málsaðilja.

Stefnandi sundurliðar kröfur sínar þannig:

1. Tekjutjón skv. útreikningi dr. Péturs Blöndal
tryggingastærðfræðings kr. 10.599.000
2. Kostnaður við tjónsútreikning kr. 18.000
3. Kostnaður við örorkumat kr. 18.229
4. Bætur fyrir þjáningar, miska og röskun á stöðu
og högum kr. 3.900.000

Kr. 14.535.229

Stefnandi byggir kröfur sínar á því í fyrsta lagi, að missir augans hafi borið við, er stefnandi gegndi skyldustörfum sínum, þ. e. a. s. að nám hans í lögregluskólanum í Reykjavík hafi verið þáttur í löggæslustörfum stefnanda og beri ríkissjóður óskor-
aða bótaábyrgð vegna tjóns, er löggæslumenn verða fyrir í starfi sínu skv. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 56 frá 1972. Í öðru lagi byggir stefnandi kröfur sínar á því, að maður sá, er veitti stefnanda áverkann, hafi verið löggæslumaður í ríkislögreglunni í Reykjavík og í starfi, er atburðurinn gerðist, og beri ríkissjóður óskor-
aða fébótaábyrgð á athöfnum starfsmanns síns fyrir skaðaverk, er hann vinni við framkvæmd starfans.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að þrátt fyrir ótvíræða lagaskyldu, sbr. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 23 frá 1952, hafi lögreglustjórinn í Reykjavík, sem sé yfirmaður lögregluskólans, látið hjá líða að tilkynna Öryggiseftirlitinu um slysið né hafi hann hlutast til um, að fram færi opinber rannsókn á slysinu, sem honum hafi þó borið ótvíræð skylda til. Þar af leiði, að leggja verði frásögn stefnanda um það, hvornig missi augans bar að höndum, til grundvallar, en stefnandi kveði skólafélaga sinn, lögreglumann í ríkislögreglunni, hafa rekið hönd upp í hægra auga stefnanda með títtnefndum afleiðingum.

Til rökstuðnings kröfufliðum 1—3 er vísað til dskj. nr. 3, 4, 7 og 8, þ. e. örorkutjónsútreiknings, örorkumats og reikninga.

Til rökstuðnings kröfufliði 4 er á það bent, að stefnandi hafi verið aðeins rúmlega 28 ára, þegar nema þurfti burt hægra auga hans. Hann hafi liðið miklar andlegar og líkamlegar kvalir og meiðsl hans hafi hafst illa við, sbr. dskj. nr. 5. Stefnandi hafi

verið afreksmaður í handknattleik, en meiðsli hans hafi orðið þess valdandi, að hann hafi orðið að leggja þá íþrótt á hilluna. Missir augans hái stefnanda verulega í daglegu lífi og honum finnist sér vera veitt óeðlileg athygli af ókunnu fólki vegna lýta sinna. Búast megi við, að stefnandi þurfi allnokkrum sinnum að láta skipta um gerviauga í framtíðinni og því verði vissulega nokkur andleg og líkamleg óþægindi samfara. Megi því segja, að kröfu stefnanda skv. lið 4 sé mjög í hóf stillt.

Af hálfu stefndu er því mótmælt, að bótaábyrgð verði felld á ríkissjóð vegna ákvæða 2. mgr. 5. gr. laga nr. 56 frá 1972. Einnig er því mótmælt, að ríkissjóður beri bótaábyrgð á skaðaverkum þess manns, sem tjóninu olli, enda hafi hann ekki valdið tjóninu við framkvæmd starfa síns. Bótaskylda verði ekki heldur á því byggð, að ekki hafi verið gætt fyrir mæla 26. gr. laga nr. 23 frá 1952 um að tilkynna slysið til Öryggiseftirlits ríkisins.

Engin sök verði fundin hjá starfsmönnum stefndu, er kennt verði um slysið, og aðrar strangari bótareglur eigi hér ekki við.

Mótmæli stefndu eru rökstudd með eftirfarandi:

Í 2. mgr. 5. gr. laga 56/1972 sé ákvæði, er geri ráð fyrir, að lögreglumenn eigi rétt á bótum fyrir meiðsli og tjón, sem þeir verði fyrir vegna starfs síns. Sams konar ákvæði sé að finna í eldri lögum um lögreglumenn.

Greininni sé fyrst og fremst ætlað að ná til tjóns, sem lögreglumenn verða fyrir í starfi, og þýðingu hafi greinin nær eingöngu fyrir tjón, er verði, er þannig standi á. Hér komi því fyrst til skoðunar, hvort stefnandi hafi verið í starfi, er slysið varð. Að vísu takmarkist greinin ekki beinlínis við tjón, sem verði í starfi. Þau tilvik geti hugsanlega komið upp, að tjóni sé valdið, meðan viðkomandi lögreglumaður sé ekki að störfum, sem beinlínis megi rekja til starfa hans sem lögreglumanns. Slík sérstök tilvik komi þó ekki til skoðunar hér.

Því er haldið fram, að stefnandi hafi ekki verið í starfi, er slysið varð, enda séu æfingar í lögregluskólanum ekki hluti af framkvæmd starfa hans, heldur námi. Þegar af þeirri ástæðu eigi hin hlutlæga bótaregla 2. mgr. 5. gr. laga 56/1972 hér ekki við.

Jafnvel þótt komist yrði að þeirri niðurstöðu, að almennt megi líta svo á, að æfingar í Lögregluskóla ríkisins teljist til starfa lögreglumanna, sé þó ljóst, að eins og hér stóð á, geti slík almenn ályktun ekki átt við. Slysið hafi átt sér stað í handboltaleik, sem ekki hafi verið hluti af þeim æfingum, sem stefnanda og starfsfélögum hans hafi borið að stunda skv. fyrir mælum yfirmanna

sinna eða þjálfara. Hverjum og einum hafi verið frjálst, hvort hann tók þátt í þessum handknattleik eða ekki. Stefnandi hafi því verið við íþróttæfingar af frjálsum vilja, er slysið varð, og því hljóti hann sjálfur að bera ábyrgð á óhöppum, er verði, þegar þannig standi á. Niðurstaðan verði því sú, að sýkna beri stefnda fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, jafnvel þótt komist yrði að þeirri niðurstöðu, að almennt sé unnt að telja skylduæfingar í Lögregluskóla ríkisins til starfa lögreglumanna.

Þá beri að hafa í huga, að hin hlutlæga ábyrgð 2. mgr. 5. gr. laga 56/1972 takmarkist við þau tilvik, þar sem tjónvaldur er óþekktur. Sé vitað, hver hann sé, geti tjónþoli haldið sig að tjónvaldi skv. almennum sakarreglum. Í greinargerð stefnanda á dskj. nr. 2 nafngreinir stefnandi þann mann, sem valdur varð að slysinu, og sé ekki ástæða til að vefengja, að þar sé rétt með farið. Samkvæmt framansögðu eigi 2. mgr. 5. gr. heldur ekki við af þessari ástæðu.

Loks er vakin athygli á þeim ástæðum, sem liggi að baki hinni margnefndu hlutlægu ábyrgð í 2. mgr. 5. gr. laga 56/1972. Með ákvæðinu sé verið að veita lögreglumönnum aukna vernd vegna tjónshættu við framkvæmd starfa þeirra, sem augljóslega teljist almennt hættulegri en störf annarra. Jafnvel þótt lögreglumaður sé í starfi, er tjón verði, þá takmarkist hin hlutlæga ábyrgð við framkvæmd þess háttar starfa, sem að ofan eru nefnd. Önnur störf lögreglumanna falli þar utan við. Í ljósi þessa tilgangs laganna verði að skoða, hvort telja beri ábyrgð skv. 2. mgr. 5. gr. geta náð til íþróttæfinga eða ekki.

Stefnandi byggir á því í öðru lagi, að maður sá, er veitti stefnanda áverkann, hafi verið löggæslumaður í starfi, er atburðurinn gerðist, og beri ríkissjóður óskoraða fébótaábyrgð á athöfnunum þessa starfsmanns síns, er hann vinni við framkvæmd starf-ans.

Varðandi þetta eigi sömu sjónarmið við og reifuð voru hér að framan um, hvort þessi lögreglumaður hafi verið í starfi, er slysið varð, eða ekki. Hér er einnig bent á, að ekki sé sýnt fram á neina sök af hálfu þessa starfsmanns í sambandi við slysið, heldur liggi beint við að ætla, að hrein óhappatilviljun hafi valdið því, hve illa tókst til. Ekki sé heldur sýnt fram á neina sök annarra starfsmanna stefndu varðandi slysið. Þannig hafi stefnanda t. d. verið komið umsvifalaust á sjúkrahús eftir slysið og hafi engin töf orðið á því.

Í þriðja lagi telji stefnandi bótaskyldu leiða af því, að ekki

hafi verið gætt fyrirmæla 26. gr. laga 23/1952 um tilkynningu til Öryggiseftirlits ríkisins og þannig hlutast til um rannsókn þess á slysum. Því sé til að svara, að tilkynningaskylda skv. þeim lögum og þau lög yfirleitt nái alls ekki til þeirra starfsmanna og þeirrar starfsemi, sem þarna átti í hlut. Að auki komi það til, að atvik málsins séu að fullu upplýst, þannig að ekki sé um nein sönnunarspursmál að ræða. Þessi málsástæða fái því heldur ekki staðist hjá stefnanda.

Fari svo ólíklega, að ekki verði fallist á aðalkröfu, er vara-krafa sú, að kröfur stefnanda verði verulega lækkaðar. Í því sambandi er vakin athygli á, að stefnanda hafi láðst að draga frá greiðslu frá stefnda, kr. 750 þús., sem greidd hafi verið vegna slyssins í samræmi við ákvæði kjarasamnings Landssambands lögreglumanna. Þá er gerður sérstakur áskilnaður um að koma að athugasemdum við örorkuútreikning á dskj. nr. 3. Loks er mót-mælt sem algerlega heimildarlausum þeim vaxtaþrósentum, sem stefnandi krefst, og jafnframt er miskabótakröfu mótmælt sem allt of hárrí.

IV.

Álit dómsins.

Slysið, sem málið er af risið, varð, þá er stefnandi var við handboltaefingar á undan leikfimitíma í lögregluskólanum. Lögreglumönnum mun vera skylt að stunda nám í lögregluskólanum, og halda þeir launum, á meðan þeir eru þar við nám. Þrátt fyrir það verður ekki á þá skoðun stefnanda fallist, að nám í lögregluskólanum hafi verið þáttur í löggæslustörfum stefnanda.

Ákvæði um, að lögreglumenn eigi rétt á bótum fyrir meiðsli og tjón, sem þeir verða fyrir vegna starfs síns, voru upphaflega sett með 2. mgr. 7. gr. laga nr. 92/1933, en ákvæðið gildi einungis um lögreglumenn ríkisins og varalögreglumenn. Ákvæði þetta var óbreytt í lögum nr. 50/1940, sem leystu af hólmi fyrrgreind lög. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 56/1963 var samhljóða hinum eldri ákvæðum að öðru leyti en því, að hún tók til allra lögreglumanna. Nú gildir um þetta efni 2. mgr. 5. gr. laga nr. 56/1972. Ákvæðið er svohljóðandi: „Lögreglumenn eiga rétt á bótum fyrir meiðsli og tjón, sem þeir verða fyrir vegna starfa síns.“ Þegar litið er til aðdraganda að setningu þessa ákvæðis, svo og þegar ákvæðið er skoðað í samhengi við 1. mgr. 5. gr. laganna, þá þykir hin hlutlæga ábyrgð, sem felst í 2. mgr., ekki ná yfir slys, sem hlýst af íþróttaefingum lögreglumanna innbyrðis.

Enda þótt lögreglumaður sá, sem veitti stefnanda áverka þann, sem tjón stefnanda hlaut af, hafi verið á launum sem lögreglumaður, þá verður ekki talið, að iðkun handbolta hafi verið hluti af framkvæmd þess lögregluþjóns á starfsskyldum hans. Ekkert er fram komið um ólögsmæta eða saknæma háttsemi þess lögregluþjóns. Verður slysið eigi til annars rakið en hreinnar óhappatilviljunar.

Eru því ekki skilyrði til þess að leggja á stefnda ríkissjóð fébótaábyrgð á tjóni stefnanda. Það hefur ekki áhrif á þessa niðurstöðu, að Öryggiseftirliti ríkisins hafi ekki verið tilkynnt um slysið, enda eru málsatvik ágreiningslaus.

Niðurstaða málsins verður því sú, að stefndi ríkissjóður er sýknaður af kröfum stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Uppkvaðning dómsins hefur dregist vegna mikilla anna dómars, sem var Auður Þorbergsdóttir borgardómari.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Sigurðar Jóakimssonar, í máli þessu. Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 2. október 1981.

Nr. 40/1981. **Andri h/f**

gegn

Guðmundi Péturssyni hæstaréttarlögmanni

f. h. Hans Nordal, útgerðarmanns og

eiganda m/s „Loanna“.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Afrýjandi, Andri h/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 130.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Guðmundi Péturssyni hæsta-